

BORGARRÁÐ 15. nóvember 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um að ávíta Strætó bs. vegna skorts á gagnsæi við framsetningu gagna - R18110097

Borgarráð samþykkir að senda vítur á Strætó bs. fyrir að a) hafa ekki greint frá heildarumfangi viðskiptatengsla sinna við Elju starfsmannaleigu, í upphafi umræðunnar um tengsl Strætó bs. við starfsmannaleiguna og fyrir að hafa fyrst um sinn sent frá sér villandi yfirlýsingar vegna þeirra viðskipta, þar sem ekki allar upplýsingar komu strax fram b) fyrir að samþykkja ákvæði í undirrituðum húsaleigusamningi starfsmanna og Elju starfsmannafjónustu um að leigan yrði innheimt með þeim hætti, að hún yrði dregin frá launum hvers mánaðar af hálfu vinnuveitanda.

Greinargerð:

Í ljósi umræðunnar um tengsl Strætó bs. við starfsmannafjónustuna Elju hefur framkvæmdarstjóri Strætó bs. greint frá því að fyrirtækið muni draga lærdóm af því að ráða starfsmenn í gegnum starfsmannaleigur. Hefur hann heitið því að ef sú staða komi aftur upp, verði í það minnsta horfið frá frádrætti á húsaleigu á launaseðlum og að samstarf við starfsmannafjónustur þurfi að taka til umræðu. Þetta er að miklu leyti jákvæð niðurstaða en upplýsingar vegna þessa máls komu ekki allar upp á yfirborðið í upphafi umræðunnar, þar sem ekki var strax greint frá heildarumfangi viðskiptanna. Í millitíðinni voru yfirlýsingar frá Strætó bs. því afar villandi og gáfu ekki upp alla heildarmyndina í þessum viðskiptum. Til að mynda var fyrst um sinn einungis greint frá frádrætti Strætó bs. af launum, vegna húsaleigu árið 2018 en slíkt var einnig við lýði árið 2016 og 2017 sem kom ekki fram hjá Strætó bs. fyrr en síðar.

Fyrst um sinn virtist Strætó bs. ekkert sjá neitt athugasvert við viðskipti sín við starfsmannaleiguna en virðist síðan hafa tekið upp breytta nálgun á málefnið. Það er jákvætt að sjá þennan viðsnúning í nálgunum á málefnið en mikilvægt er að samþykkja ekki vinnubrögð þar sem einungis partur af upplýsingunum kemur upp í einu. Það er mikilvægt að allra upplýsingar séu hafðar uppi á borðinu til að tryggja gagnsæi í starfsháttum. Þar að auki er mikilvægt að tala gegn ákvæðum sem heimila aðkomu opinberra fyrirtækja í tengslum við starfsmannaleigu í leigusamningi starfsfólks.